

873. fundur stjórnar GSÍ, 11. febrúar 2016, kl.17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Kristín Guðmundsdóttir, Bergsteinn Hjörleifsson, Helgi Anton Eiríksson, Jón Júlíus Karlsson, Theódór Kristjánsson og Hansína Þorkelsdóttir, sem jafnframt ritaði fundinn.

1. Fundargerðir

Fundargerð frá 14. janúar 2016 var lögð fram, samþykkt og undirrituð.

2. Ráðning framkvæmdastjóra

Rædd var ný yfirstaðin ráðning framkvæmdastjóra GSÍ en forseti hefur gert starfssamning við Brynjar Eldon Geirsson sem mun hefja störf þann 1. mars 2016. Aðrir umsækjendur fengu tilkynningu um að ráðið hafi verið í starfið og þeim þakkaður áhuginn. Tilkynning um ráðningu Brynjars var send á fjölmiðla.

3. Samstarfsaðilar GSÍ 2016

Stefán Garðarsson, markaðs- og sölustjóri GSÍ kynnti fyrir stjórninni samninga við helstu samstarfsaðila GSÍ og stöðuna á þeim. Hann fór einnig yfir þörfina fyrir næstu árin og hvatti alla stjórnarmenn að vera vakandi fyrir mögulegum samstarfsaðilum.

4. IT nefndin - verklýsing

Bergsteinn Hjörleifsson, formaður útgáfunefndar, gerði grein fyrir verkefni IT nefndar sem var samþykkt á golfþingi GSÍ þann 21. nóvember 2015. Verkefni nefndarinnar er heildarendurskoðun á tölvukerfinu. Bergsteinn kynnti verklýsingu fyrir nefndina og var hún samþykkt. Þá var Bergsteini falið í, umboði stjórnar, að kalla saman starfshóp sem mun vinna samkvæmt samþykkti verklýsingu og ályktun Golfþings.

5. www.golf.is og samstarf við Idega 2016

Forseti gerði grein fyrir fundi sem hann átti með framkvæmdastjóra Idega um áframhaldandi samning við fyrirtækið um umsjón með vefnum www.golf.is. Forseti lagði til að samið yrði áfram við fyrirtækið um umsjón með kerfinu út þetta ár. Idega mun því áfram hafa umsjón með vefnum og sinna nauðsynlegum uppfærslum á honum. Stjórn samþykkti tillöguna.

6. Golfappið

Rædd var staðan á þróunarvinnu nýs golf-apps og samþykkt að halda þeirri vinnu áfram. Stjórn felur Arnari Geirssyni, kerfis- og skrifstofustjóra GSÍ að sjá til þess að sú vinna haldi áfram.

7. Fyrirspurn frá LEK

Niðurstaða laga- og reglugerðarnefndar, vegna erindis LEK sem tekið var fyrir á 871. fundi stjórnar þann 14. janúar 2016, var lögð fyrir. Frá og með 1. janúar 2016 hafa aldurstakmörk verið lækkuð í 50 ár í keppnum eldri kylfinga karla hjá EGA. Erindi barst frá LEK um að

aldurstakmörkum í sveitakeppni eldri kylfinga og Íslandsmóti eldri kylfinga verði breytt héraendis í samræmi við þessa breytingu hjá EGA.

Aldurstakmörk lækka því úr 55 ára í 50 ára og úr 70 ára í 65 ára í karlaflokkunum. Tillagan var samþykkt.

LEK hefur óskað eftir að fá afhendan lista yfir alla kylfinga 50 ára og eldri úr gagnasafni GSÍ, ásamt netföngum, kennitölum og heimilisföngum. Með hliðsjón af lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 telur GSÍ sér óheimilt að veita umbeðnar upplýsingar og var beiðninni því hafnað.

8. Fyrirspurn vegna SNAG

Erindi barst frá útgefendum nýrrar SNAG golfkennslubókar þar sem óskað er eftir því að GSÍ komi að dreifingu bókarinnar til golfklúbba á landsbyggðinni. Erindinu var vísað til fræðslunefndar sem skal taka afstöðu til málsins og klára það í umboði stjórnar.

9. Reglugerðarbreytingar

Laga- og reglugerðarnefnd lagði til breytingar á reglugerðum um Stigamót unglunga, Sveitakeppni GSÍ í karla- og kvennaflokki, Sveitakeppni GSÍ í flokki eldri kylfinga og um Íslandsmót í golfi í flokki eldri kylfinga. Breytingarnar voru allar samþykktar og verða þær sendar klúbbunum til kynningar.

10. Önnur mál

Jón Júlíus Karlsson, formaður mótanefndar, gerði grein fyrir fundargerðum mótanefndar frá 20. janúar 2016 og starfshóps um Íslandsbankamótaraðirnar í golfi frá 11. febrúar 2016.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:30.